

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um svæðisskipulag
höfuðborgarsvæðisins og mannfjölda.

Frá Rósu Guðbjartsdóttur.

1. Hvernig hefur mannfjöldi á höfuðborgarsvæðinu þróast miðað við þær forsendur sem lágu til grundvallar svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015–2040 sem var afgreitt af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu árið 2015?
2. Telur ráðherra tilefni til þess að endurskoða vaxtarmörk svæðisskipulagsins í ljósi mannfjöldaþróunar?
3. Er einhver vinna í gangi í ráðuneytinu sem miðar að því að einfalda breytingar á vaxtarmörkum svæðisskipulagsins og afnema neitunarvald einstakra sveitarfélaga?

Skriflegt svar óskast.